



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

stjornarradid.is

Grímsnes-og Grafningshreppur
Borg
805 Selfoss

Reykjavík 27. júní 2023
Tilv.: IRN22010877/4.13.2

Hjálagt er álit og fyrirmæli innviðaráðuneytisins vegna stjórnsýslu sveitarfélagsins Grímsnes- og Grafningshrepps í máli nr. IRN22010877. Í álitinu er fjallað um lögmæti gjaldskrár sveitarfélagsins vegna aðgangs að sundlaug og íþróttamiðstöðinni Borg. Að mati ráðuneytisins er gjaldskrá sveitarfélagsins Grímsnes- og Grafningshrepps vegna aðgangs að sundlaug og íþróttamiðstöðina Borg sem rekin er af sveitarfélaginu ekki í samræmi við jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar og er því ólögmæt. Í ljósi framangreindrar niðurstöðu og hvernig mál þetta er vaxið telur ráðuneytið ástæðu til að gefa sveitarfélaginu þau fyrirmæli, á grundvelli 3. tölul. 2. mgr. 112. gr. sveitarstjórnarlaga, að koma gjaldskrá sveitarfélagsins vegna aðgangs að íþróttamiðstöðinni Borg í lögmætt horf. Fer ráðuneytið fram á að verða upplýst um viðbrögð sveitarfélagsins ekki síðar en **1. ágúst n.k.** í netfangið irn@irn.is. Þá er sveitarfélaginu bent á að huga að þeim sjónarmiðum sem fram koma í álitinu þessu.

Fyrir hönd ráðherra
eftir umboði

Björn Ingi Óskarsson